

Alþingi
Erindi nr. P 142/87
komudagur 24.6.2013



FJARÐABYGGÐ

Umsögn Fjarðabyggðar um

“Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 74/2012, um veiðigjöld”

(innheimta veiðigjalda, sérstakt veiðigjald o.fl.)

Bæjarráð Fjarðabyggðar lýsir yfir miklum áhyggjum vegna fyrirhugaðra breytinga á veiðigjöldum. Í ljósi þeirrar staðreyndar að veiðigjöld og skerðingar á sjávarútvegsfyrirtækin í sveitarfélaginu aukast, stendur bæjarráð við fyrri umsagnir og nefnir því m.a. til stuðnings úttektir á áhrifum á sveitarfélagið sem unnin voru af KPMG og send voru atvinnuveganefnd í apríl 2012.

Í Fjarðabyggð eru þrjú stór fyrirtæki í sjávarútvegi ásamt ótal fyrirtækjum og einstaklingum sem hafa atvinnu af því að þjónusta viðkomandi félög. Að leggja á veiðigjöld upp á um 2.000 milljónir króna, ásamt skerðingu í potta upp á 5,3%, hefur mikil áhrif á tekjur sveitarsjóðs í formi skerts útsvars og skertra tekna af hafnargjöldum. Áætlað er að gjöldin verði 430 þúsund krónur á hvern íbúa sveitarfélagsins.

Vert er að benda á þá staðreynd að sjö fyrirtæki í þremur sveitarfélögum munu borga 53% af boðuðu veiðigjaldi og gefur auga leið að slíkt mun hafa verulega neikvæð áhrif á tekjustofna sömu sveitarfélaga.

Bæjarráð Fjarðabyggðar hefur miklar áhyggjur af því að fyrirhuguð veiðigjöld muni hafa veruleg áhrif á fjárfestingar og framkvæmdir á vegum greinarinnar í sveitarfélaginu, ásamt tilflutningi á störfum milli landssvæða.

Þessu fyrirkomulagi mótmælir bæjarráð Fjarðabyggðar harðlega og hvetur núverandi stjórnvöld til að endurskoða fyrirhuguð veiðigjöld með það að markmiði að jafnræði sé gætt milli fyrirtækja og samsetningu aflategunda. Vill bæjarráð benda sérstaklega á þorskígildisstuðla í kolmuna sem munu líklega verða þess valdandi að ekki verður hagkvæmt að stunda veiðar og vinnslu á kolmuna og þ.a.l mun sveitarfélagið og starfsfólk viðkomandi fyrirtækja verða af miklum tekjum vegna þessa.

Bæjarráð Fjarðabyggðar hvetur núverandi stjórnvöld til aukins samráðs við sveitarfélög og fyrirtæki áður en frumvarp sem þetta er lagt fram.

F.h bæjarráðs Fjarðabyggðar

24.júní 2013


Páll Björgvin Guðmundsson
